

VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SÖLUSKRÁ HAFIÐ SAMBAND VIÐ SÖLUMENN OKKAR



Hilmar Þór Bryde
sími 892 9694

Hlynur Halldórsson
sími 698 2603

Helgi Jón Harðarson
sími 893 2233

Viglundur Helgason
sími 891 9981

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA


Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Jón Arnluss
KÖKULIST

Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655

   **MATHÚS BAR**
VON
Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • [facebook/vonmathus](https://facebook.com/vonmathus)

Guðni forseti í Áslandsskóla

Setti formlega söfnunina Börn hjálpa börnum

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands setti formlega söfnunina Börn hjálpa börn-

um sem hrundið var af stað sl. fimmtudag í Áslandsskóla. Var honum vel tekið í skólan-

um en nemendur 5. bekkjar ganga í hús og safna fyrir ABC barnahjálp. Sjá. bls. 3.



Forseti Íslands gaf sér góðan tíma til að spjalla við nemendur í Áslandsskóla.

ÁS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600

Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is


-stöðin
TAXI
Hafnfirski leigubílastöðin
520 1212



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Þín verslun í Hafnarfirði



Grillin eru komin



VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING Í MARS EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, **Auglýsingar:** 565 3066,
 fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
Prentun: Ísafoldarprentsmíðja • **Dreifing:** Íslandsþóstur
 ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
 www.fjardarfrettir.is
 www.facebook.com/fjardarfrettir.is
 Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Hvað verður um miðbæinn okkar? Verða fyrirtæki hrakin í burtu til að fjölga íbúðum eins og þegar hefur verið gert og enginn hefur sýnt fram á að verði til þessa að lifa upp á miðbæinn. Margt bendir hins vegar til þess að færra fólk verði í miðbænum á daginn til að nýta þá þjónustu sem þar er í boði. Nú stefnir allt í að hótél komi á bíó og kaupfélagsreitinn og vonandi verður það til þess að auka verslun í miðbænum. Hins vegar stendur miðbænum fyrir þrífum að deiliskipulag hans er úrelt og fá ákvæði sem tryggja að bankar og stjórnmálaflokkar taki ekki upp bestu verslunar- og þjónustuplássinn og í raun loki af langa kafla af Strandgötunni. Jafnvel menningarstofnun eins og Hafnarborg sem stendur við Strandgötu hefur stóra lokaða hlið að götunni eins og Íslandsbanki og lítill framtíðarsýn er á því hvernig og hvar verslunarrými geti verið í miðbænum. Ég hef margoft í mínum leiðurum í gengum árin hvatt til þess að auglýst verði arkitektasamkeppni um framtíðarnýtingu miðbæjar Hafnarfjarðar en lítill viðbrögð fengið hjá ráðamönnum. Einhver vinna er þó farin af stað en ekki bólar á neinni metnaðarfullri samkeppni og það má teljast undarlegt að lögd er áhersla á deiliskipulag hafnarvæðisins sem viðbót við miðbæinn sem menn vita ekki hvernig á að líta út né hve langt hann á að ná.

Leiðinlegar deilur setja mark sitt á skipulagsmál bæjarins og tími til kominn á sátt og samstarf.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNARFJARÐAR



Frímann
s: 897 2468

Hálf dán
s: 898-5765

Óláf
s: 898 3075

www.uth.is - uth@uth.is Stapahrauni 5, Hfj. - Sími 565-9775



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 26. mars

Guðsþjónusta og sunnudagaskóli kl. 11

Starf eldri borgara
á miðvikudögum kl. 13:30



www.astjarnarkirkja.is

Konkretljóð í Hafnarborg

Ný sýning opnuð á laugardag

Á laugardaginn kl. 15 verða opnaðar tvær nýjar sýningar í Hafnarborg. Í Sverrissal verður opnuð sýning úr stofngjöf Hafnarborgar og í aðalsal safnsins verður opnuð sýningin Bókstaflega – Konkretljóð á Íslandi frá 1957 til samtímans. Við opnunina munu Haraldur Jónsson og Ásta Fanney Sigurðardóttir flytja ljóðagjörming.

Hugmyndin um notkun bókstafa á myndrænan hátt hefur þróast á löngum tíma og á sér rætur að rekja allt aftur til myndleturs Forn-Egypta. Konkretljóð skutu fyrst upp kollinum á Íslandi um miðjan sjötta áratuginn. Í hugmyndalistinni, sem hóf innreið sína með nýrri kynslóð listamanna í upphafi áttunda áratugarins, öðlaðist tungumálið aukið vægi og byggðu verkin oft á textum, ljósmyndum og vídeói, auk gjörninga og innsetninga.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan fyrstu konkretljóðin tóku að birtast og eins og sýningin gefur til kynna hefur sá strumur í ljóðagerð runnið í ótal farveg og það er áhugavert að skoða hvernig listamenn og rithöfundar samtímans hafa kannað þanþol



Hluti af verki Jóns Laxdals sem verður á sýningunni í Hafnarborg.

Auglýsingar

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613 | gudni@fjardarfrettir.is



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 26. mars

Tónlistarguðsþjónusta kl. 11

Anna Sigga Helgadóttir
syngur ljúfa sálma við undirleik
Helgu Þórdísar organista.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson

Sunnudagaskólinn kl. 11

María og Bryndís leiða stundina.

Aðalsafnaðarfundur

verður haldinn í safnaðarheimilinu
að guðsþjónustu lokinni.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Biblíuleg íhugun og bæn

á þriðjudögum kl. 17:30.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:00.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

konkretljóðaformsins í gegnum breytta tækni og nýja sýn á framtíðina.

Listamenn sem eiga verk á sýningunni eru: Ásta Fanney Sigurðardóttir, Birgir Andrússon, Einar Bragi Sigurðsson, Emmett Williams, Dieter Roth, Guðbergur Bergsson, Guðjón Ketilsson, Halldór Ragnarsson, Haraldur Jónsson, Jón Laxdal, Kristinn E Hrafnsson, Kristján Guðmundsson, Magnús Páls-son, Margrét Bjarnadóttir, Ragnhildur Jóhanns, Sigríður Björnsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Steingrímur Eyfjörð ásamt völdum skáldum sem hafa fengist við konkretljóðagerð.

Börn hjálpa börnum

Forseti Íslands setti formlega söfnunina „Börn hjálpa börnum“ í Áslandsskóla

Forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson setti formlega af stað söfnunina Börn hjálpa börnum í Áslandsskóla sl. fimmtudag. Þessi árlega söfnun ABC barnahjálpar er unnin í samstarfi við grunnskóla landsins og er nú haldin í tuttugasta

skiptið. Frá upphafi hafa nemendur safnað rúmlega 120 milljónum króna til styrktar fátækum börnum í fjarlægum löndum.

„Það getur enginn skipað okkur að hjálpa til eða gera góðverk. Við veljum að gera það sjálf,“ sagði forsetinn þegar



Forseti Íslands setti söfnunina með því að setja peningaseðil í söfnunarbauk.



Forseti Íslands, skólustjóri, kennarar og nemendur í 5. bekk Áslandsskóla.

hann ávarpaði nemendur Áslandsskóla. Sagði hann að allir réðu hvaða álegg þeir settu á pítsumnar sínar og vísaði þar í umdeilda skoðun sína að ananas ætti ekki heima á pítsum.

GENGIÐ Í HÚS OG SAFNAÐ Í MERKTAN BAUK

Söfnunin stendur yfir til og með 9. apríl og munu börn skólans ganga í hús í sínu hverfi og safna framlögum í sérmerкта söfnunarbauka. Bömin bera höfuðklút merktan ABC til að auðkenna sig.

Fyrir söfnunarfæð í gegnum árin hafa skólabyggingar verið byggðar og hægt hefur verið að sinna miklu viðhaldi.

Keypt hafa verið húsgögn, skrifborð, stólar og rúm sem hafa nýst öllum skólunum. Eitt sinn var söfnunarfæð notað til matarkaupa fyrir skólabörnin og þá voru keyptir um 165.000 matarskammtar. Á síðasta ári söfnuðust tæpar 8 milljónir króna og fóru m.a. í uppbyggingu heimavistar í Pakistan, efnaræðistofu í ABC skólanum í Nairobi í Kenýa og til uppbyggingar heimavistar í ABC skólanum í Namelok í Kenýa. Það sem safnast núna mun vera ráðstafað til að styrkja innviði skólustarfs ABC í Afríku og Asíu.

Hægt er að leggja söfnunni lið með því að leggja inn á reikning: 0515-14-110000 Kt: 690688-1589.



bættu líðan þína í hnjám og mjöðmum

auktu lífsgæðin

lærðu á liðina

línaðu verkina

Vönduð námskeið með áherslu á fræðslu og sértækar æfingar, haldið af reyndum sjúkráðgjafurum.

Námskeiðin hafa fengið frábærar viðtökur.

Hentar fólki á öllum aldri.

Kennt er tvisvar sinnum í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum

16:30 til 17:45

Tveggja vikna námskeið:

Fræðsla og kennsla æfinga **kr. 20.000**

Átta vikna námskeið:

Að auki; mælingar, sex vikna sértæk þjálfun og eftirfylgni **kr. 45.000**

Sjúkráðgjafarinn | Strandgötu 75

Sími 555 4449 | afgreidsla@sjukrathjalfarinn.is

Slitgigtarskólinn • www.slitgigt.is

**Námskeið hefst
28. mars**

Haukar upp um deild í blaki kvenna

Gríðarlega góð stemmning í liðinu sem sigraði í tveimur af þremur leikjum sínum um helgina

Íslandsmótið í blaki lauk um helgina þar léku tvö hafnfirsk lið, Haukar konur sem léku í 5. deild og B-lið Hauka sem lék í 7. deild.

Haukar léku alls 3 leiki, sigruðu Hamar B 2-0, töpuðu fyrir Umf. Hjalta (Krækjum) 0-2 en liðið hefur ekki tapað leik og sigruðu svo Aftureldingu E örugglega 2-0.

Enduðu Haukar í 2. sæti með 33 stig, 8 stigum á eftir Krækjum og leika því í 4. deild á næstu leiktið.

B-LIÐIÐ SIGRAÐI Í 7. DEILD

B-lið Hauka kvenna varð efst í 7. deild og flyst einnig upp um deild. Hlaut liðið 38 stig og vann 28 hrunur og tapaði aðeins 9. Vann liðið þrjá leiki um



Glæsilegt blaklið Hauka sem leikur í 4. deild næsta tímabil.



Haukaliðið sýndi oft góða takta í tapleiknum gegn Krækjunum.

helgina, alla 2-0 en tapaði einum leik 1-2 eftir oddahrinu gegn Bresa C sem varð í 2. sæti í deildinni.

Þjálfarar Hauka eru Heiðbjört Gylfa-dóttir og Karl Sigurðsson en formaður blakdeildarinnar er Karólína Helga Símonardóttir.

Íris Helga Baldursdóttir.



Vinna að hefjast við mislæg gatnamót

Enn eru áhyggjur íbúa af þungaflutningum um Holtið

Ágætlega var mætt á kynningarfund um gerð mislægra gatnamóta Krýsuvíkurvegar og Reykjanesbrautar á þriðjudag en ætla má að tæplega 0,2% íbúa hafa komið á fundinn. Þar var framkvæmdin kynnt, tímaáætlun, hjáleiðir og frágangur og greinilegt var að vanda á til verksins þó hratt eigi að vinna. Verklok eru í októberlok en færa þarf lagnir, færa hjóla- og göngustíga, gera þrengingar á Suðurbraut, leggja vegi og hringtorg auk sjálfrar brúargerðarinnar sem á að taka um 4 mánuði. Á meðan verður hjáleid við hlið vegarins og einhverjar tafir verða þegar skollplögn verður lögð undir Reykjanesbraut.



Ágætlega var mætt á kynningarfundinn um gerð mislægu gatnamótanna.

Gerðar verða hljóðmanir m.a. við Suðurbraut og víðar sem munu nýstast



Hjáleid og nýr hjólastígur veður gerður í fyrsta áfanga.



Yngstu fundargestirnir höfðu lítinn áhuga á upplýsingum um vegaframkvæmdir.

þegar Reykjanesbrautin verður grafin niður um allt að 3-4 m og tvöfölduð en það verður ekki í þessum áfanga.

Nokkrar áhyggjur voru á fundinum um þungaflutninga um Holtið en hraðahindranir verða settar á Suðurbraut sem á að hindra að flutningabílar fari þar en möguleikar eru á takmörkun á

þungaflutningum ef ástæða þykir til þegar tengingin verður komin á.

Kynnt var á fundinum hvernig mosi verður tekinn af framkvæmdasvæðinu og nýttur aftur en tilraunir með endurnýtingu mosa hafa gefist mjög vel og raskað land mjög fljótt að ná aftur náttúrulegu útliti.

BIKE CAVE

Nýja Rancilio Classe 11 Xcelsius kaffivélin er komin til landsins og hefur fengið verðugt pláss hjá okkur í Bike Cave Hafnarborg. Kökurnar okkar eru umtalaðar enda bakaðar á staðnum af ástríðu. Alltaf frábært verð á kaffi og meðlæti og þú ert velkominn :)



Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 770 3113 • Erum á Facebook

Með allt á hreinu í Víðistaðaskóla

10. bekkingar frumsýna söngleik 31. mars nk.

Nemendur í 10. bekk í Víðistaðaskóla vinna nú hörðum höndum við að setja á svið söngleikinn Með allt á hreinu. Verkefnið er samstarfsverkefni skólans, nemenda, foreldra og félagsmiðstöðvarinnar Hraunsins. Markmiðið með söngleiknum er að safna í ferðasjóð fyrir útskriftarferðina í vor sem farin verður í Þórmörk.

Allur árgangurinn tekur þátt í þessu verkefni og hver og einn hefur sitt hlutverk svo sem að leika, dansa, sjá um leikmuni og leiksvið og annað sem fylgir stórrí sýningu.

FIMM SÝNINGAR

Söngleikurinn verður sýndur helgina 31. mars til 2. apríl í íþróttahúsi Víðistaðaskóla og er frumsýning kl. 19.30 föstudaginn 31. mars.

1. og 2. apríl verða sýningar kl. 14 og 17 og miðaverð 500 kr fyrir grunn-skólanemendur 13 ára og yngri og 1.500 kr fyrir fullorðna (8. bekkur og eldri). Miðasala er í Hrauninu hraunid@hafnarfjordur.is og hjá krökkunum í helstu verslunum bæjarins.



Frá sýngun 10. bekkinga Víðistaðaskóla á Alladín á síðasta ári.

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! **Frítt söluverðmat**

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

REMAX
aðst.m. í lögg.námi

sími 896 6076
as@remax.is

FJÖRDUR



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

1,8% íbúafjölgun í Hafnarfirði

3,5% í Garðabæ og 3,2% fjölgun í Kópavogi

Þann 1. janúar sl. voru Hafnarfirðingar 17.577 og hafði fjölgað um 514 eða um 1,8%. Fjölgunin var 1,7% í pósnúmeri 220 og 2,1% í pósnúmeri 221. Eru Hafnarfirðingar miklir eftirbátar nágrannanna í Garðabæ þar sem fjölgaði um 3,5% og í Kópavogi þar sem fjölgaði um 7,3%. Í Reykjavík var fjölgunin hins vegar 0,6% en Reykjanesbær blómstrar sem aldrei fyrr en þar fjölgaði um 7,3%. Hins vegar fjölgaði landsmönnum um 1,8% alveg eins og Hafnarfirðingum.

Það vekur hins vegar athygli þegar tölur Hagstofunnar eru skoðaðar að hlutfall íbúa á fyrsta ári eru rétt tæp 1,3% í Hafnarfirði og aðeins í Kópavogi þegar viðmiðunarsveitarfélögin eru skoðuð, er hlutfallið hærra eða rúmlega 1,3%. Í Reykjavík og Reykjanesbæ er hlutfallið 1,2% en aðeins 1% í Garðabæ.

FJÖLSKYLDUGERÐIR

Til kjarnafjölskyldu teljast hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 17 ára og yngri.

Börn 18 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum 18 ára og eldri.

Einstaklingar eru stærsti íbúahópurinn en skv. ofangreindu teljast í þeim hópi einnig 18 ára og yngri sem búa í foreldrahúsum. Eru þeir 8.473 og hefur þeim fjölgað um 4,6% á einu ári.


Næst flestir búa í fjölskyldum hjóna með börnum eða 8.074 í 2.055 fjölskyldum en 3.361 býr með foreldrum í óvígðri sambúð í 895 fjölskyldum. Samtals eru 11.435 einstaklingar því í fjölskyldum pars með börn eða tæp 40% íbúanna.

Alls búa 110 karlar einir með barni sínu eða börnum í Hafnarfirði en í þeim fjölskyldum er 241 einstaklingur. Hins vegar búa 1.068 konur með börnum sínum í fjölskyldum með 2.740 einstaklingum.

Hjónabönd án barna eru 2.055 en fjölskyldur para í óvígðri sambúð án barna eru 296.



Glæsileg föndur- og myndlistarvöruverslun
Verið velkomin!



Strandgötu 75
Hafnarfirði
Drafnarhúsinu

Föndurlist
Vaxandi

www.facebook.com/fondurlist



SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Tölvuaðstoð og viðgerðir

Viðgerðir og kennsla í tölvunotkun.
Apple* & Windows. Kem í heimahús.
Sími 824 9938 - hjalp@gudnason.is

Bílaþríf. Kem og sæki. Tjörhreinsun og bön verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.
Sýnishorn á siggileifa123.is sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Kynningarfundur

Kynningarfundur verður í dag, fimmtudag kl 17 í Hafnarborg, þar sem kynnt verður breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar vegna lóðarinnar við Fornubúðir 5.

Nýtt í Hafnarborg

Á laugardaginn kl. 15 verður opnuð í aðalsal Hafnarborgar sýningin Bók-staflega - Konkretljóð á Íslandi frá 1957 til samtímans. 18 listamenn eiga verk á sýningunni ásamt völdum skáldum sem fengist hafa við konkretljóðagerð.

Á sama tíma verður opnuð í Sverrissal sýningu úr stofngjöf Hafnarborgar.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is



FJARÐAR fréttir



Smelltu á
LIKE

og skoðaðu myndir á
Facebook síðu Fjarðarfrétta

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Langholti synjað um að reisa íbúðabyggð á Þorlákstúni

Fengu lóðina án endurgjalds undir ræktunarstarfsemi

Lóðarhafar Lyngbarðs 2, Syðra Langholt ehf. fá ekki heimild til að reisa tæplega 300 íbúða íbúðabyggð á lóð sem félagið fékk árið 2005 endurgjaldslaust undir gróðrarstöð. Lóðin er tæplega 37.500 m² á Þorlákstúni, á milli Reykjanesbrautar og Barðanna á Hvaleyrarholti.

Hafnaði skipulags- og byggingarráð erindi lóðarhafa á fundi sínum á þriðjudag með vísun í minnisblað bæjarlögmanns.

Í minnisblaði bæjarlögmanns kemur fram að eftir að deiliskipulagsbreyting var samþykkt árið 2008 að beiðni lóðarhafa svo koma mætti fyrir aðfluttu húsi á einni hæð, hafi síðan lítil sem engin hreyfing verið á málum tengdum lóðinni til júlí 2015 en þá kvörtuðu nágrennar yfir að búið væri að koma fyrir gámi á lóðinni. Var veitt 3ja mánaða stöðuleyfi til ársloka 2015 en það

var aldrei framlengt og stendur gámurinn þar enn.

Í mars 2016 lagði lóðarhafi, í nafni Garðyrkju ehf., fram fyrirspurn um næstu skref garðyrkjustöðvar á lóðinni en þá hafði Garðyrkja ehf. flutt starfsemi sína á lóðina. Var óskaði eftir áframhaldandi stöðuleyfi fyrir gámnum og leyfi fyrir byggingu á sölu- og lagerhúsnæði á lóðinni. Var öllum hugmyndum um áframhaldandi stöðu gámsins hafnað og í júní lýsti bæjarlögmaður þeirri skoðun Hafnarfjarðarbæjar að verulegar vanefndir hafi orðið á umræddum lóðarleigusamningi og var þá einkum vísað til þess að lóðarhafa bar að hafa lokið öllum framkvæmdum á lóðinni fyrir 1. maí 2010 en ekki hafði verið staðið við það. Eftir það voru nokkur bréfaskipti á milli aðila þar sem kom m.a. krafa Hafnarfjarðarbæjar að lóðarhafi skilaði inn


tímasettri áætlun um lok framkvæmda innan tveggja ára og upplýsingum um fjármögnun framkvæmdanna.

Í september óskaði lögmaður lóðarhafa eftir viðræðum um breytingu á skipulagi lóðarinnar svo þarna mætti reisa íbúðarbyggð og lóðarhafi myndi leita hófanna með gróðrarstöð á öðrum svæðum.

Í minnisblaði bæjarlögmanns kemur fram að sveitarfélaginu sé ekki unnt að taka ákvörðun um slíkar verulegar breytingar á skipulagi umræddrar lóðar, sem vissulega fæli í sér ráðstöfun á takmörkuðum gæðum í eigu sveitarfélagsins, án þess að gefa öðrum aðilum sama tækifæri að sækja um slík gæði. Segir líka að gildandi lóðarleigusamningur leggi enga skyldu á sveitarfélagið um að verða við erindi lóðarhafa.



Þorlákstún. Marteinshús l.t.v. við Lyngbarð en húsið hafði verið flutt af Suðurgötu

Graenir 
SKÁTAR
– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Hafnarfirði eru m.a. við:
Hraunbyrgi • Fjarðarkaup • Fjörð • 10/11

200 m hlaup

Nýtt Íslandsmet

Kolbeinn Höður Gunnarsson úr FH hljóp á sunnudag 200 m á nýju Íslandsmeti á 20,96 sek. Fyrra metið átti Jón Arnar Magnússon er hann 27 ára gamall hljóp á 21,17 sek árið 1996, þegar Kolbeinn Höður var rétt um eins árs.

Þetta er 23/100 sek. persónuleg bæting hjá Kolbeini sem er á 22. aldursári.

Metið setti Kolbeinn í Memphis Tennessee og var Kolbeinn að keppa utanhúss í fyrsta sinn á þessu ári en hann keppir þar fyrir Memphis Tigers.



Líðm.: Guðni Gíslason

Norðurlanda-meistarar

Þrír íslenskir keppendur tóku þátt í Norðurlandamóti eldri iðkenda innanhúss sem haldið var í Huddinge í Svíþjóð um helgina.



Helgi, Anna og Jón

Jón Sigurður Ólafsson (62) úr FH sigraði í stangarstökki, í flokki karla 60-64 ára er hann stökk yfir 3,10 m.

Helgi Hólm (75) úr ÍR sigraði í hástökki í flokki 75-79 ára. Hann stökk yfir 1,34 m, og bætti með því eigið Íslandsmet í aldursflokknum um 9 cm.

Anna Sofia Rappich (52) úr UFA vann silfurverðlaun í langstökki í flokki kvenna 50-54 ára er hún stökk 4,29 m og bronsverðlaun í 60 m hlaupi á 8,85 sek.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

KYNNINGARFUNDUR

Kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 28. mars kl. 17 hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar að Norðurhelli 2. Eftirfarandi verður til kynningar:

Nýtt deiliskipulag fyrir Kaldárselsveg sem afmarkast frá Sörlatorgi að Hlíðarþúfum. Tillaga að nýju deiliskipulagi ásamt greinargerð með umhverfismati ásamt breytingu á mörkum deiliskipulagsáætlana fyrir Mosahlíð og Ásland 3 skv. 4. mgr. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nýtt deiliskipulag fyrir Ásvallabraut – tenging Valla og Áslands. Tillaga að nýju deiliskipulagi ásamt greinargerð með umhverfismati ásamt óverulegri breytingu á mörkum aðliggjandi deiliskipulagsáætlana fyrir Ásland 3.áfangi, hestasvæði Hlíðarþúfum og Velli 7 skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Allir velkomnir!

585 5500
hafnarfjordur.is

Vigdís stórbætti Íslandsmet sitt

Kastaði 61,77 m í sleggjukasti í Kaplakrika

FH-ingurinn Vigdís Jónsdóttir stórbætti Íslandsmet sitt í sleggjukasti á Góu móti FH í Kaplakrika sl. laugardag. Vigdís kastaði 61,77 m í öðru kasti og bætti þannig Íslandsmet sitt um tæpa þrjá metra. Fyrra met Vigdísar var 58,82 m, sett í október sl.

Fyrstu fjögur köst Vigdísar voru yfir fyrra Íslandsmeti hennar en lítið varð úr síðustu tveimur köstum vegna hressilegrar snjókomu í Kaplakrika.

Þetta er 13. besti árangur í greininni í Evrópu á árinu í hennar aldursflokk. Þá opnar kastið dyr fyrir Vigdís því hún náði með því lágmarki á EM U23ja ára sem haldið verður í Bydgoszcz í Póllandi 13.-16. júlí í sumar.

Guðný Sigurðardóttir úr FH varð önnur á 43,17 sem er hennar besti árangur en hún er aðeins

Bjarkarstelpurnar fengu bikarinn eftir 18 ára bið

Bikarmót Fimleikasambands Íslands í áhaldafimleikum var haldið í Hafnarfirði um helgina. Þar bar helst til tíðinda að Björk sigraði í frjálsum æfingum kvenna eftir harði keppni við Ármann og Gerpla.

Þetta var fyrsti bikarmeistaratitillinn í efsta flokki í átján ár en félagið varð síðast bikarmeistari árið 1999 og hafði þá unnið titilinn í níu ár samfleitt.

Björk sendi, eitt féлага, tvö lið til keppni. Björk 1 sem varð bikarmeistari og Björk 2 sem hafnaði í 5. sæti.

Lokastaðan var: Björk með 144.300 stig, Gerpla með 142.300 stig, Ármann með 140.500 stig, Fylkir með 136.450 stig, Björk 2 með 127.000 stig og Keflavík með 80.300 stig.

Í sigurliðinu voru þær Andrea Ingibjörg Orradóttir, Guðrún Edda Mín Harðardóttir, Margrét Lea Kristinsdóttir, Tinna Óðinsdóttir og Vigdís Pálmadóttir.

Stoltir bikarmeistarar.



ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

23. mars kl. 18.30, Vestmannaeyjar ÍBV - Haukar, úrvalsdeild karla

23. mars kl. 19.30, Kaplakriki FH - Afturelding, úrvalsdeild karla

24. mars kl. 18, Hlíðarendi Valur U - FH, 1. deild kvenna

24. mars kl. 19.30, Fylkishöll Fylkir - Haukar, úrvalsdeild kvenna

26. mars kl. 14, Kaplakriki FH - Gróttta, úrvalsdeild karla

29. mars kl. 19.30, Ásvellir Haukar - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Akureyri: 34-20

FH - Fram: 27-27

Valur - Haukar: 29-29

Körfubolti:

ÚRSLIT KVENNA:

Njarðvík - Haukar: 57-83

Haukar - Stjarnan: 69-71

Skallagrímur - Haukar: 62-63

Fótbolti:

23. mars kl. 17.15, Fífan

Breiðablik - FH, bikar kvenna - A deild

23. mars kl. 20, KR-völlur

KR - Haukar, bikar kvenna - B deild

ÚRSLIT KVENNA:

FH - ÍBV: 2-5

Grindavík - Haukar: frestað

ÚRSLIT KARLA:

Keflavík - FH: 2-3

KA - Haukar: 1-0

BLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir
einkasamkvæmi stærri
og smærri hópa.

Happy Hour alla daga
frá kl. 16 til 19 og fleiri
flott tilboð á barnum.



BLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

**Hönnun
& umbrot**



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR
hhus@hhus.is | stofnað 1990

Auglýsingar

símar
565 3066
896 4613

gudni@
fjardarfrettir.is

**Þannig nærðu
best til
Hafnfirðinga!**

FJÖLSKYLDUFJÖR

BARNAKOMBÓ Á 50% AFSLÆTTI
ALLAR HELGAR Í MARS



* Gildir bara á laugardögum og sunnudögum í Hafnarfirði
* Gildir ekki með öðrum tilboðum

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Vegabréfið fannst heima hjá póstburðarmanninum

Fannst eftir mikla leit eftir að ekkert bólaði á vegabréfinu með Póstinum

Stúlka á Völlumum var farin að vera örvæntingafull, daginn fyrir ferð fjölskyldunnar til Frakklands, þegar vegabréfið hennar var ekki komið en það hafði átt að vera löngu komið.

Vegabréfið átti skv. tilkynningu frá Þjóðskrá að berast í síðasta lagi 25. febrúar. Þegar stúlkan áttar sig á því föstudaginn 3. mars, daginn fyrir brottför að vegabréfið er ekki komið var haft samband við Þjóðskrá sem upplýsti að vegabréfið hafi farið í póst. Hjá Þjóðskrá var enga hjálp að fá því hætt er að gefa út neyðarvegabréf svo nú var illt í efni. Wow air upplýsti að ekki væri hægt að fara með þeim án vegabréfs til Frakklands en Icelandair sagði öskuskírteini myndi duga á leiðinni út. Var þá keyptur miði aðra leið til Frakklands fyrir 70 þúsund kr. og fór fjölskyldan því með tveimur flugvélum til Frakklands.

Amma stúlkunnar sem var póstur á árum áður fór því á stúfana með manni sínum, heimsótti póstmíðstöðina í Reykjavík þar sem engin hjálp fannst og síðar í Hafnarfjörð þar sem þau voru spurð hvort það væri bara ekki illa merkt. Svo var alls ekki og mynd sýnd því til staðfestingar. Eftir einhver orðaskipti fékkst uppgæfið hver bæri út í þessu hverfi og fóru hjónin og bönkuðu upp á á heimili póstburðarmannsins. Þar kom faðir hans til

dyra og þegar hann var spurður um hvort þar lægi póstur til þessarar stúlku fór hann og kom til baka með vegabréfið og ýmsan annan póst, m.a. öskuskírteini til eins í fjölskyldunni, boðskort og jólakveðju!

Var vegabréfið snarlega sent með DHL til Frakklands og fjölskyldan kom saman til Íslands að loknu góðu fríi í Frakklandi.

Þegar heim var komið var rituð greinargerð og send til Íslandspósts. Fyrsta svarið var: „Við erum ekki skaðabótaskyldir“. Samt hafði ekki verið beðið um neinar skaðabætur og fengust litlar útskýringar.

Fjölskyldan horfir til baka og brosir yfir atburðarrásinni en henni var ekki skemmt þegar allt var í óvissu. Segir móðir stúlkunnar síðan kaldhæðnislegt að aldrei hafi fjölskyldan þurft að sýna vegabréf á leiðinni út fyrir utan það að hún þurfti að skanna það í sjálfsafgreiðslu hjá Wow air.

Erfiðlega virðist ganga að ráða fólk til að bera út póst og hefur töluverður misbrestur verið á að póstur sé borinn út á réttum tíma í Hafnarfirði. Er borið við veikindum og manneklu en ástandið hefur verið nokkuð viðvarandi.



Ljósni: samset mynd, ljósmynd frá Íslandspósti

Eflaust standa langflestir bréfberar sig vel í starfi og skila pósti á réttum tíma.

hafnfirski fréttavefurinn

www.fjardarfrettir.is

Sendu inn fréttaskot á: fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Skoðaðu nýjustu fréttirnar - og myndirnar eða leitaðu í fréttasafninu